# 1 Fundur
## Stofnfundur

Föstudaginn 20 júlí 1928 var fundur settur í þinghúsinu Nesodda, með því markmiði að stofna félag, er hefði það að stefnuskrá að vinna að eflingaáhuga manna í Dalasýslu um þau mál, er hesta varða og hesta íþróttir.
Á fundinum voru mættir 20 menn og ákváðu 16 þeirra að gerast meðlimir í félagi þessu og skrifaðu undir skuldbindingu þá er hér er að framan. auk þess komu skilaboð frá Árna lækni Árnasyni í Búðardal um það að hann óskaði að gerast meðlimur í hinu nýja félagi. Þau eru tildrög þessa félagsskapar að þeir Ludvig C Magnússon útgerðarmaður í Reykjavík og Jón Sumarliðason hreppstjóri á Breiðabólstað ræddu

um það eitt sinn sín á milli vorið 1927.
að stofna bæri til félagsskapar í Dalasýslu
með svipuðu fyrirkomulagi og „Hestamanna-
félagið Fákur“ í Reykjavík.
Í júní mánuði sama ár kom Lúdvig C
Magnússon til Búðardals og átti þá tal
um þessi mál við þá Baldvin Sumarliða-
son í Fremri Hundadal Grím Jónsson
og Benedikt Jónsson í Neðri Hundadal
Þessir menn færðu svo þettað í tal við ýmsa
sveitunga sína og alstaðar kvað við sama
tóninn að það væri hið mesta nauðsynja
og velferðarmál að stofna til félagsskapar
er beitti sér fyrir betri meðferð hesta og um
leið glæddi áhuga og þekkingu á ágæti
hesta og íþróttum.
Svo var það að Jón Sumarliðason var
staddur í Reykjavík í byrjun þessa mánaðar
og kom hann þá að máli við Lúdvig C Magnús-
son hvort „Hestamannafélagið Fákur“ myndi

ekki vilja styrkja Dalamenn að einhverju leiti með verðlaun á kappreiðum er fram eiga að fara í Miðdalahreppi í lok mánaðarins. Ludvig C Magnússon bar fram í nefndu félagi beiðni um fjárstyrk í þessu skyni og sýndi félagið þá miklu velvild að veita 120 krónur, jafnframt var Ludvig C Magnússyni falið að meta á nefndum kappreiðum fyrir hönd félagsins og leiðbeina með undirbúning allan svo og að stofna í Dalasýslu félag er hefði sömu stefnuskrá og Hestamannafélagið „Fákur“, kom svo Ludvig C Magnússon hingað 16 þ. m. og hefir síðan starfað að undirbúningi undir kappreiðarnar og þessa félagsskapar.
Kappreiðarnar eiga að fara fram 22 þ. m. á skeiðvelli þeim sem forgöngumenn þessa félags hafa beitt sér fyrir að ruddur yrði á bökkunum fyrir austan Nesodda. Málshefjandi á fundinum var Ludvig C

Magnússon mintist hann í nauðsynina að
stofna slíkan félagsskap og hvatti hann fundar-
menn til þess að duga nú félagi þessu vel
var hann kveðju frá „Hestamanna félaginu
Fákur“ þegar hann hafði lokið máli sínu var
kosinn fundarstjóri Jón Sumarliðason sem
kvaddi til ritara Benedikt Jónsson.
Þá kvaddi sér hljóðs Ludvig C Magnússon
og lagði fram uppkast að lögum fyrir félagið
og gaf fundinum skýringar á þeim.
Kom þá að því að gefa þyrfti félaginu nafn. urðu
um það nokkrar umræður og komu fram
ýmsar tillögur svo sem: Gyllir, Gulltoppur,
Sörli, Glaður, Víkingur, Haukur. o. fl.
loks var samþykkt að nefna félagið „Hesta-
mannafélagið Glaður“.
Var síðan gengið til atkvæða um einstakar
greinar laganna og þær samþykktar í einu
hljóði. Þegar því var lokið voru lögin borin
upp til samþykktar í einni heild og voru þau

samþykkt með öllum atkvæðum þannig:

1 gr.

Nafn félagsins er: „Hestamannafélagið Glaður,“ og er heimili þess og varnarþing í Miðdalahreppi í Dalasýslu.

2 gr.

Stefna félagsins er að stuðla að réttri og góðri meðferð hesta, og efla áhuga og þekkingu á ágæti þeirra og íþróttum.

Þessu markmiði hyggst félagið að ná með því meðal annars:

1. Að eignast hasladan skeiðvöll og efna þar til kappreiða á ári hverju.
2. Að fræða félagsmenn um:
a. Sköpulag hesta og hundarfar.
b. Tamning hesta og rétta meðferð á þeim.

c Hús, hirðing og fóður hesta.

Fræðsla um þessi efni skal fram fara með fyrirlestrum á fundum félagsins og annarstaðar, eftir því sem efni eru til og ástæður leyfa.

3. Að safna og saman halda sönnum sögum um afbragðshesta og afrek þeirra.

3. gr.

Félagsmenn geta allir orðið, konur og karlar, er áhuga hafa á þessum málum.

4. gr.

Óski einhver að gerast félagi, skal hann senda skriflega umsókn sína á félagsfund. Ber fundarstjóra þegar í stað að leggja umsóknina undir úrskurð fundarins, og er hún samþykt ef 2/3 - tveir þriðju —

7191

fundarmanna greiða henni atkvæði.
Nýr félagi öðlast ekki atkvæðisrétt fyr en hann hefir greitt inntöku gjald og árstillag.

5. gr.

Enginn getur sagt sig úr félaginu, nema að hann sé áður skuldlaus við það. Sendi hann þá stjórninni skriflega úrsögn sína, er lesin skal í heyranda hljóði á næsta fundi.

Félagsmaður, sem skuldar árstillag frá fyrra ári, hefir engin réttindi á fundum félagsins á nýju starfsári, fyr en hann hefir greitt ~~allar~~ skuld~~ir~~ sína. Sá er ekki greiðir félaginu árstillag sitt í tvö ár skal tekinn úr því og eiga ekki afturkvæmt þangað fyr en hann hefir greitt allar skuldir sínar við félagið.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður, ritari og féhirðir. Skulu þeir kosnir skriflega

á aðalfundi, hver útaf fyrir sig, til eins árs í senn, Varastjórn skipa og þrír menn, kosnir á sama hátt.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við, og hefir yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess. Stjórnin boðar félagsfundi, en formaður stýrir þeim. Í fundarboði skal tilgreint fundarefni

Ritari geymir bækur og skjöl félagsins og ritar gerðabók á fundum.

Féhirðir hefir fjárreiður félagsins með höndum og annast innheimtu. Hann hefir á hendi greiðslur allar eftir skriflegri ávísun formanns. Hann skal hafa lokið við að semja ársreikninga félagsins og sent þá til endurskoðenda eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Allir aðrir félagsmenn eða nefndir, sem ber að semja reikninga, skulu hafa skilað þeim til féhirðis fyrir 1 febr. ár hvert.

7. gr.

Á aðalfundi skal kjósa nefnd, skipaða 3 mönnum til eins árs í senn, og nefnist hún Skeiðvallarnefnd, er starfi eftir því sem lögmætur fundur ákveður. Fallist einn eða fleiri nefndarmanna milli aðalfunda um lengri tíma, velur hlutaðeigandi nefnd sjálf, í samráði við stjórn félagsins, mann eða menn í þeirra stað.

8 gr.

Fundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir. Fundur skal boðaður með tím daga fyrirvara, og er hann lögmætur ef 10 menn sitja hann. Sé fundur ekki lögmætur má boða til hans á ný, á venjulegan hátt, og er hann þá lögmætur án tillits til þess hve margir eru mættir.

## 9. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert og skal hann boðaður með fjórtán daga fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar sé:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar.
2. Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár til úrskurðar.
3. Stjórnin leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar.
5. Kosning Skeiðvallarnefndar.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og vara-endurskoðenda.
7. Önnur mál, sem félagið varðar.

## 10 gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

11. gr.

Sérhver félagi greiði 1-eina-krónu ásamt árstillagi við inngöngu í félagið. Árstillag félagsmanna er 5-fimm-krónur, sem greiðist innan 1 maí ár hvert. Þeir sem gerast félagsmenn, greiði fult árstillag komi þeir á fyrra missiri reikningsársins, en komi þeir á síðara missirinu greiði þeir hálft árstillag. Kr. 2,50 (tvær krónur og fimmtíu aura)
Tillög á fyrsta reikningsári félagsins greiðist eigi síðar en 1 desember, enda greiði hver félagsmaður hálft árstillag.

12. gr.

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi, þar sem mættir eru minst 2/3 - tveir fimtu - hlutar lögmætra félagsmanna er heima eiga í Dalasýslu og 2/3 - tveir þriðju -

greiddra atkvæða samþykki breytinguna. Mæti of fáir, skal boða til fundar á ný og öðlast þá áður fram komin lagabreyting gildi ef 2/3 atkvæða samþykkja hana án tillits til þess hve margir félagsmenn eru mættir.

13. gr.

Ef um er að ræða að leysa félagið upp, verður það að gerast á fundi, þar sem mættir eru minst 3/4 - þrír fjórðu - félagsmanna þeirra, sem heima eiga í Dalasýslu, og verður það þá því aðeins gert að 2/3 - tveir þriðju - hlutar fundarmanna greiði því atkvæði. Að öðrum kosti verður að kalla saman fund á ný og verður þá félagið leyst upp á löglegan hátt ef 2/3 - tveir þriðju - hlutar fundarmanna, án tillits til þess hve margir eru mættir á fundinum greiða því atkvæði.
Verði félagið þannig leyst upp af einhverjum

ástæðum, renna eignir þess til hesta-
kynbóta í Dalasýslu.

14. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Þegar lögin höfðu þannig verið samþykkt
fór fram kosning starfsmanna og hlutu
þessir kosningu:
Stjórn: Jón Sumarliðason formaður
Benedikt Jónsson ritari
Ólafur Finnbogason gjaldkeri
Varastjórn: Magnús Guðmundsson formaður
Gísli Þorsteinsson ritari
Hannes Kristjánsson gjaldkeri
Skeiðvallarnefnd: Baldvin Sumarliðason
Sumarliði Jónsson
Yngvi Finnbogason

Endurskoðendur:
Magnús Guðmundsson 8 atkv.
Guðlaugur Magnússon 7 atkv.
Vara endurskoðendur:
Gísli Þorsteinsson 6 atkv.
Hannes Kristjánsson 5 atkv.
Þá kom fram tillaga um að kjósa 5. manna nefnd er beitti sér sérstaklega fyrir því, að auka áhuga manna innan sýslunnar á þessum málum og stuðlaði að því að auka félagatöluna jafnframt var skorað á alla félagsmenn að gera slíkt hið sama.
Kosnir í útbreiðslunefnd voru þessir:
Bergjón Kristjánsson
Jóhann Kristjánsson
Grímur Jónsson
Ragnar Sigurðsson
Jón Jónsson
Ákveðið var að tilhögun á kappreiðunum

22 júlí skyldi vera hin sama og umgetur í kappreiðareglum Hestamannafélagsins Fákur, sem útbýtt var til knapa og annara félaga á fundinum.
Að lokum var tilkynnt þess efnis samþykt að fela stjórninni að skipa starfsmenn við í hönd farandi kappreiðar.
Þar sem ekki lágu fleiri mál fyrir fundinum var honum slitið og héldu þá allir hinir nýju félagsmenn út á nýja skeiðvöllinn til loka æfingar.

Jón Sumarliðason
— formaður —

Benedikt Jónsson
ritari